

Athugasemdir við Fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402.

Brunnhóli, 21. Apríl 2017.

Umsögn frá Brunnhóli ehf, kt. 590515 0860

Eigendur: Sigurlaug Gissurardóttir og Jón Kristinn Jónsson

Við undirrituð viljum koma þeirri skoðun okkar á framfæri að fyrirhuguð breyting á virðisaukaskatti á gistingu þ.e. hækkun í efra þrep, er einungis til þess fallin að ýta enn frekar undir svarta atvinnustarfssemi í ferðaþjónsutu sem líkindi eru um að sé talsverð fyrir. Jafnframt um hækkun VSK á gistingu hafa í för með sér leikfimiæfingar þar sem matsala (morgunverður) verður hækkaður hlutfallslega á móti gistingu og þannig dregið úr skattlagningu.

Einnig má benda á að í dag er orðin tregða til að bóka gistingu þar sem sterk króna hefur hækkað verð til mikilla muna fyrir erlenda gesti. Þeirri hækkun hefur þegar verið mótmæl af ferðaheildsölum erlendis og verið erfitt að halda til streytu. Enn frekari hækkun mun enn frekar leiða til þess að þeir andæfa. Ljóst er að gististaðir munu almennt ekki geta bætt þessari skattlagningu ofan á verð og verður því að skoða hækkun þess sem óbeina skattlagningu á gististað.

Enn fremur er skynsamlegt að horfa til samkeppnislanda hvernig þessum málum er háttað en þar kemur skýrt fram að gisting er í lægri kantinum hvað varðar Virðisaukaskatt. Jafnframt ber að hafa í huga að nú í haust mun verða þreföldun á gistináttaskatti sem einnig mun ýta enn frekar undir undanskot.

Undirrituð telja að nær væri að leggja aukinn kraft í að beina spjótum sínum að svartri starfssemi. Ef aflu þarf aukinna tekna til uppbyggingar ferðamannastaða væri nær að horfa til komugjalda.

Virðingarfyllst,

Sigurlaug Gissurardóttir, 110354 4449

Jón Kristinn Jónsson, 120253 2399